Bæjarstjórn Norðurþings
Friðrik Sigurðsson, forseti bæjastjórnar
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Dags. 5.11.2015

Efni: Úthlutun byggðakvóta til Húsavíkur

Með bréfi þessu er óskað eftir því að bæjarstjórn Norðurþings beiti sér sérstaklega fyrir því að verja þann byggðakvóta sem fallið hefur í skaut Húsavíkur á undanförnum árum. Er þess er óskað að bæjarstjórnin mótmæli formlega ákvörðun Atvinnu og nýsköpunarráðuneytisins um að úthluta engum byggðakvóta til Húsavíkur á yfirstandandi fiskveiðiári og krefjast þess að úthlutun byggðakvóta til byggðarlagsins verði færtí fyrra horf.

Á yfirstandandi fiskveiðiári er ekki gert ráð fyrir að neinn byggðakvóti komi í hlut Húsvíkinga, þrátt fyrir að úthlutaðar aflaheimildir til byggðarlagssins hafi ekki verið minni sl. átta fiskveiðiár. Í töflunni hér að neðan má sjá hvernig úthlutaðar aflaheimildir til byggðarlagsins hafa þróast úr 4-5.000 þorskígildis tonnum niður í rétt rúmlega 1.600 þorskígildis tonn. Er hér um uggvænlega þróun að ræða.

Fiskveiðiár	Úthlutuð þíg. kg.	Hlutfall þíg. af heild	Úthlutaður byggðakvóti (kg)
2008/2009	4.306.965	1,47%	150.000
2009/2010	4.402.289	1,52%	150.000
2010/2011	4.310.146	1,40%	150.000
2011/2012	3.867.335	1,25%	197.000
2012/2013	4.472.451	1,42%	210.000
2013/2014	5.163.024	1,30%	210.000
2014/2015	2.279.810	0,63%	140.000
2015/2016	**1.619.203**	**0,42%**	**0**

Þróun veiðiheimilda í byggðarlaginu og úthlutaður byggðakvóti sýnir glöggt að það regluverk sem nú er við lýði til ákvörðunar byggðakvóta er ekki til þess fallið að ná markmiðum sínum hvað Húsavík varðar.

Á undanförnum árum hafa á bilinu 10-20 bátar skipt með sér þeim byggðakvóta sem hefur komið í hlut Húsavíkur og hefur honum að lang stærstu leyti verið úthlutað til dagróðrabáta. Margir þessara dagróðabáta byggja afkomu sína á grásleppuveiðum að vetrinum og strandveiðum yfir sumarið. Þess á milli hafa útgerðirnar haldið uppi veiðum með byggðakvóta sem drýgður hefur verið með leigukvóta. Það er ljóst að sá byggðakvóti sem hefur fallið þessum útgerðum í skaut á s.l. árum hefur skipt miklu máli við að styðja við útgerð í byggðarlaginu og skiptir áframhaldandi úthlutun byggðakvóta sköpum fyrir marga þessarra aðila. Gera má ráð fyrir að tekjumyndunin af þeim veiðum sem byggðakvótinn hefur stutt við hafi verið vel yfir 100 milljónir á s.l. ári. Það verður því að óbreyttu höggvið stórt skarð í afkomu margra manna sem byggt af afkomu sína á veiðum frá Húsavík.

Fh. Smábátafélagsins Kletts

Óttar Már Ingvason, formaður

Afrit: Kristján Þór Magnússon Bæjarstjóri Norðurþings, kristjanthor@nordurthing.is
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Reinhard Reynisson, reinhard@atthing.is
Landsamband Smábátaeiganda, Örn Pálsson orn@smabatar.is
ANR, postur@anr.is